



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun Grænaborgar

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

EFNISYFIRLIT

leiðarljós leikskólans.....	3
greinargerð leikskólastjóra	3
innra og ytra mat leikskólans fyrir líðandi skólaár	5
innra mat	5
ytra mat.....	5
umbótaáætlun leikskólans 2023-2024	6
innra mat dropadeildar	7
umbótaáætlun dropadeildar	8
innra mat mánadeildar.....	9
umbótaáætlun mánadeildar.....	10
innra mat stjórnudeildar	11
umbótaáætlun stjórnudeildar	11
innra mat sólskinsdeildar	13
umbótaáætlun sólskinsdeildar	14
innra mat sérkennslu.....	15
mat á sérkennslu á líðandi skólaári.....	15
umbótaáætlun sérkennslu fyrir komandi skólaár.....	16
innra mat – fjöltyngd börn	17
mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna frá líðandi skólaári.....	17
umbótaáætlun –fjöltyngi fyrir komandi skólaár	18
starfsþróunarsamtöl og fræðsla	18
samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	20
foreldrasamvinna	20
skipulagsdagar og leikskóladagatal	21
Fylgigögn	21
Fylgiskjal - skóladagatal	21
Fylgiskjal - Umsögn foreldraráðs	21

LEIÐARLIÓS LEIKSKÓLANS

Í leikskólanum Grænuborg er lögð áhersla á að skapa góðar og öruggar leik- og námsaðstæður þar sem öllum líður vel. Gildi leikskólans eru í hávegum höfð í öllu starfinu, en þau eru virðing - gleði – vinsemd – umhyggja.

GREINARGERÐ LEIKSKÓLASTJÓRA

Skólaárið 2022 -2023 var jafn skemmtilegt og undanfarin ár, og um það bil alveg laust við Covid sem gladdi okkur öll mikið. Lögð var áhersla á að gleði og metnaður í starfsemiinni allri væri alsráðandi og unnið var með ýmiskonar fjölbreytt verkefni – ný viðfangsefni innleidd og virkni allra í starfsemi Grænuborgar metin mikils. Óhætt er að segja að mikill metnaður hafi verið auðséður í starfsmannahópnum, allir voru einbeittir við að skila góðu og gróskumiklu starfi. Það sama má segja um barnahópinn, börnin iðuðu af metnaði og kátínu allt skólaárið og tóku almennt þátt í leik og starfi af ánægju. Metnaðurinn allra sem komu að skólastarfinu var vel sjáanlegur. Í boði voru fjölbreytt verkefni sem hæfðu þroska og áhuga hjá börnum og fullorðnum innan skólans. Áhersla er lögð á að starfað sé út frá þörfum barnanna og sé stýrt áfram af þeim, þau vel og hafna og aðgangur að efnivið/námsefni er opinn og sjáanlegur. Unnið var með félagsfærni, upplýsingartækni, málörvun, hreyfingu, sjálfbærni, sjálfseflingu og svo allt hitt líka, en það yrði því miður allt of langur listi að telja það allt upp hérna. Það skiptir miklu máli fyrir alla að hafa verkefni við hæfi og sem vekja áhuga.

Það voru 74 - 77 börn í Grænuborg á hverjum tíma á skólaárinu, lítil hreyfing var á barnahópnum, en, eins og alltaf, þá voru nokkur börn sem hættu á skólaárinu og ný börn komu í þeirra stað. Á miðju skólaári, 1. febrúar 2023, voru skráð 75 börn í skólann sem voru fædd frá janúar 2017 til nóvember 2021. Börnin voru í 4,0 til 8,5 stunda vistun, flest voru skráð í 8,0 stunda vistun eða 41% þeirra. 43% barnanna voru fjöltyngd, töluð voru 17 tungumál í barnahópnum. Vegna þess hversu mikil fjölgun hefur verið undanfarin ár af fjöltyngdum börnum í skólanum var ákveðið að ráða inn verkefnastjóra til meta þarfir þeirra við íslenskukennslu, halda utanum hópinn og huga að þörfum þeirra.

Á sama tíma, 1.febrúar 2023, störfuðu 27 einstaklingar í Grænuborg, í um það bil, 17 stöðugildum auk sérkennslu. Sextán af þeim voru í 100% starfi, aðrir í 62 – 93% vinnu eða í tímavinnu. Það voru um það bil 3,8 – 4 stöðugildi á hverri deild, fastar stöður auk undirbúnings- og veikindaafleysingu. Um áramót urðu smá breytingar á starfsmannahópnum en annars voru ekki miklar hreyfingar á starfsmannahópnum á árinu.

Þó nokkuð var af nemum í Grænuborg á skólaárinu, flestir frá Danmörku, en líka frá HÍ. Einnig var mikill gestagangur, til dæmis kom hópur leikskólakennarar frá Danmörku og annar hópur leikskólakennarar frá Berlín að skoða og til að fræðast um skólann og starfið.

Líðandi skólaár hefur ekki einkennst af Covid og takmörkunum sem því fylgdi 😊 og höfum við því verið að gera allt sem ekki mátti á tímum takmarkana.

Deildar- og deildastjórafundir voru á dagskrá hálfsmánaðarlega. Starfsmannafundir voru haldnir á samstarfs- og skipulagsdögum. Samkvæmt deildarstjórum féllu deildarfundir eitthvað niður vegna ýmissa anna, það er því miður ekki til tölfræði um það. Undirbúningstímar héldust að mestu, en því miður var eitthvað um að þeir féllu niður vegna manneklu, við eigum ekki tölfræði um hversu oft það var. Teymi sérkennara í skólanum funduðu hálfsmánaðarlega og teymi fjölmenningar funduðu mánaðarlega, teymi fjölmenningar var stofnað í desember 2022. Hver deild skipulagði undirbúningstíma starfsmanna á deild, lögð hefur verið mikil áhersla á að þeir haldist, en af og til hafa þeir þó fallið niður.

Samstarfs- og skipulagsdagar voru nýttir í fundi og fræðslu. Haldnir voru starfsmanna- og deildafundir á öllum dögum. Tveir samstarfs- og skipulagsdagar voru nýttir í náms- og kynningarferðar til Kaupmannahafnar. Einnig fór fræðsla fram á þessum dögum, má þar meðal annars nefna námskeið um birtingu kynferðisofbeldis gegn börnum á leikskólaaldri, námskeið í skyndihjálpi og kynningu á Velkomin í hverfið verkefnið.

Ýmislegt var brallað og brasað fyrir utan hefðbundna deildarvinnu á skólaárinu. Deildirnar fóru í ýmskonar vettvangsferðir hingað og þangað um borgina og á ýmsar sýningar t.d. í Norræna húsið, í leikhús, á tónleika, á Vitatorg, í Safnahúsið o.m.fl. Haldin voru böll og þorrablót, sungið saman í salnum, horft á leikrit og farið í Flæði svo að eitthvað sé nefnt. Gleðin og sjálfssprotni leikurinn var samt alltaf í fyrirrúmi.

Skólastarfið hefur verið metið á ýmsan hátt. Innra mat fór að mestu fram á starfsmanna-, deildar- og deildastjórafundum. Þá var verið að meta ýmsa þætti í starfinu, bæði líðandi atburði sem og þætti sem náðu til lengri tíma. Hver deild starfaði að umbótaþáttum sem voru settir fyrir árið, auk þess sem leikskólinn í heild setti umbótaþætti til að vinna að. Hluti umbótaþáttanna náðust á árinu og aðrir ekki. Farið var yfir þessa þætti á fundum skólans, þeir kynntir fyrir öllum, hvað gekk vel og hvað gekk ekki eins vel og hvers vegna. Margir af þessum umbótaþáttum munu fylgja okkur áfram yfir á komandi skólaár. Og aftur hefur hver deild fyrir sig sett upp ákveðna umbótaþætti sem unnið verður að á komandi ári, sjá nánar í innra mati fyrir hverja deild. Skólinn allur mun auk þess hafa ákveðna umbótaþætti til að vinna sameiginlega að, ákveðið hefur verið að vinna með sömu þætti og áherslur og á líðandi skólaári. Unnið verður áfram að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur á árinu og hefur vegna þessa verið sótt aftur um styrk í A hluta þróunarsjóðs.

Við viljum að leikur og starf innan skólans sé metnaðarfullt en áreynslulítið og sniðið að þörfum hvers og eins, við viljum þannig draga úr óparfa álagi sem stundum getur fylgt því að vera í stórum hóp í litlu rými. Við þurfum að skapa rými og tíma til að álag á börn og starfsfólk sé lítið og vera vakandi fyrir því hvað það er og hvaða tími dagsins það er sem skapar mest álag. Við ætlum líka að draga fram alla námsþætti aðalnámskrár og þætti menntastefnu Reykjavíkurborgar þannig að öllum verði tamt að vinna samkvæmt þeim og hafi sama skilning á þeim. Við munum halda áfram að innleiða tákni með tali. Sjá má fleiri þætti sem lögð verður áhersla á í umbótaáætlun.

Að lokum langar mig enn og aftur til að hrósa starfsfólki, börnum og foreldrum barnanna í skólanum fyrir enn eitt frábært skólaár sem hefur liðið á jákvæðan hátt þar sem allflestir hafa mætt á hverjum degi með bros á vör og gleði í hjarta á hverjum degi, tilbúin að mæta áskorunum og lærdómi dagsins. Ég segi því vel gert allir og takk!

INNRA OG YTRA MAT LEIKSKÓLANS FYRIR LÍÐANDI SKÓLAÁR

INNRA MAT

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Innra mat nóv 2022	Skriflegt	Allt starfsfólk leikskólans	Ýmsir þættir í skólastarfinu metnir. Sumt þurfti að bæta, annan var í góðum farvegi
Skráning á undirbúningi	Skriflegt og munnlegt	Allt starfsfólk leikskólans	Niðurstöður voru þær að skráningin var ekki nægilega markviss og það þarf enn að bæta þennan þátt
Mat barna	Demantamat	Börn Sólskinsdeildar	Deildin fékk góða yfirsýn yfir það hvað börnunum líkaði eða líkaði ekki við í dags - daglegu starfi. Munu niðurstöðurnar verða rýndar betur og nýttar til að taka út og bæta við og taka út viðfangsefnum eftir því sem við á
Vinna með Tákni með tali	Skriflegt	Allt starfsfólk leikskólans	Niðurstöður að við, allt starfsfólk skólans, þurfum að bæta okkur í þessum þætti
Notkun á upplýsingatækni og vísindaefni	Skriflegt og munnlegt	Allt starfsfólk leikskólans	Unnið var markvisst með þessa þætti á tveimur deildum en frekar ómarkvisst á hinum tveimur
Mat á vinnu með menntastefnu	Skriflegt mat – gátlisti menntastefnu Reykjavíkur	Allt starfsfólk leikskólans	Helstu niðurstöður liggja ekki fyrir, en verið er að vinna úr þeim

YTRA MAT

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Sameyki í samstarfi við Gallup lagði fyrir viðhorfskönnun í	Rafrænt	Allt starfsfólk	Helstu niðurstöður voru þær að Grænaborg fékk viðurkenningu

desember 2022 á meðal starfsmanna vaðandi trúverðugleika stjórnenda, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í starfi, sjálfstæði í starfi og ímynd stofunnar, des 2022			sem stofnun ársins 2022, lenti í öðru sæti yfir stofnanir í þeirra stærðarflokki. Könnunin var það umfangsmikil að of langt yrði að telja allar niðurstöðurnar fram hérna en hægt er að nálgast þær hjá leikskólastjóra og á netinu
Könnun um innleiðingu menntastefnu, SFS lagði fyrir í maí 2022, niðurstöður lágu fyrir í janúar 2023	Rafrænt	Allt starfsfólk	Helstu niðurstöður voru þær að almennt voru starfsmenn skólans sammála eða frekar sammála, sem sagt skólinn er að vinna með þá þætti sem spurt var um. Könnunin var það umfangsmikil að of langt yrði að telja allar niðurstöðurnar fram hérna en hægt er að nálgast þær hjá leikskólastjóra
Viðhorfskönnun lögð fyrir foreldra leikskólabaranna, Reykjavík lagði fyrir í maí 2023	Rafrænt	Allir foreldrar, 79,7% svörun	Heildaránægja með leikskólann 4,72 (5 er hæst) svo að, útkoman var almennt góð

UMBÓTAÁÆTLUN LEIKSKÓLANS 2023-2024

Samkvæmt innra mati – formlegu og óformlegu, þá hefur skólinn ákveðið að halda áfram að vinna að þeim umbótaáætlunum sem settar voru af stað á skólaárinu 2022-2023, auk þess sem deildir skólans hafa líka sett sömu hluti í umbótaáætlun sínar.

Umbóta-þættir/ matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið / aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráning undirbúnings-tíma	Fá raunsæja mynd af undirbúnings-tímum allra starfsmanna. Endurtekið frá síðasta ári	Skráning	Stjórnendateymi skólans	Haust 2022	Vor 2024	Skráningar skoðaðar og metnar	Að hver og einn fái þá undirbúnings-tíma sem hann á samkvæmt kjara-samningi
Tákn með tali	Innleiðing og markviss notkun á tákni með tali sem nýtist öllum börnum skólans	Námskeið	Stjórnendateymi skólans	Haust 2022	Vor 2024	Metið með umræðum	Aukin þekking og samstillt vinna með TMT
Upplýsinga-tækni og vísindi í skólastarfi	Halda áfram að kynna okkur betur allt það nýja efni sem skólinn á varðandi upplýsinga-	Kynna og nýta það sem skólinn á varðandi mála-flokkinn og nota markviss í starfi	Allt starfsfólk skólans	Ágúst 2022	Maí 2024	Umræða á fundum skólans, hvað var keypt, hverjum nýttist það og hvernig	Betri og markvissari kennsla og betri nýting á búnaði

	tækni og vísindi					og nýta það vel	
Námssvið leikskóla samkvæmt aðal-námsskrá	Halda öllum námssviðum leikskóla samkvæmt aðalnámsskrá betur á lofti	Markviss kynning og umræða á fundum og gera það sýnilegt hvernig unnið er með námssviðin	Stjórnendur	2022	2024	Samtal	Allir meira meðvitaðir um aðalnámsskrá og ígrundaðra starf með námssviðin í huga
Mennta-stefnan ígrunda betur?	Vinna með þá þætti sem má bæta samkvæmt innra mati og gátlistum mennta-stefnunnar	Markviss kynning og umræða á fundum og gera það sýnilegt hvernig unnið er með námssviðin	Stjórnendur	2022	2024	Gátlistinn lagður aftur fyrir	Meiri þekking og markviss vinna
Getum við notað fleiri aðferðir til að meta starfið	Gerð er meiri og meiri krafa um mat á starfi leikskólanna. Áframhaldandi vinna frá síðasta ári	Finna frekari leiðir til að meta allt starfið	Stjórnendur	Haut 2022	Vor 2024	Lagt fyrir starfsmanna hópinn, álit allra fengin á matinu sem fer fram og fá hugmyndir frá öllum um nýjar matsleiðir	Fleiri matsaðferðir innleiddar
Taka börn nægilega mikið þátt í að meta starfið?	Væntingar eru um að börnin taki þátt í mati á starfi skólans	Finna leiðir til að mat þeirra á starfinu verði markvissara og það skráð. Hafa ábyrgðaradila á hverri deild	Stjórnendateymi skólans	Haut 2022	Vor 2024	Lagt fyrir starfsmanna hópinn, álit allra fengið á matinu sem fer fram	Að börnin verði virk í mati á starfi skólans.
Rýna vel í niðurstöður foreldra-könnunar frá því í maí 2023	Nýta alla þætti hennar til betra starfs Niðurstöður ekki komnar þegar þessi starfsáætlun er gerð	Bæta það sem hægt er að bæta og halda í það góða	Stjórnendateymi leikskólans	Haut 2023	Haut 2024	Kynnt og rætt í starfsmanna hópnum	Betra starf

INNRA MAT DROPAÐEILDAR

Einkunnarorð Dropaðeildar eru umhyggja, jákvæðni og samvinna.

Með þau að leiðarljósi erum við að kenna börnunum að vera einstaklingar í litlum og stórum hópum, skapa jákvætt og öruggt starfsumhverfi. Dropadeild er yngsta deildin í Grænuborg og fyrsta stoppið í skólakerfinu og er því mikilvægt að börnin fái góðan grunn í byrjun. Við leggjum mikla áherslu á að nota leikinn sem námsleið og efla þannig börnin meðal annars í samskiptum og sjálfstæði.

TMT var á umbátaráætlun Dropadeildar fyrir veturinn og gekk það vonum framár og ætlum við að halda áfram að leggja áherslu á það og bæta við táknum vikunnar sem við munum læra saman í samverustundum og bæta við í Völupóstinn til foreldra/forráðamann barnanna. Gefðu 10 var ekki notað markvist inn á deild þar sem öll börnin eru ný í skólakerfinu og þurfa jafnan stuðning við að stíga þessi fyrstu skref til að aðlagast og verða örugg í leik og starfi. Einkunnarorð Grænuborgar voru sýnileg og lærðum við lagið og táknið. Við tengdum fjölgreindirnar og stefnu skólans í okkar vinnubrögðum og leik og starfi barnanna með því að hvetja þau áfram í öllu starfi sem skólinn bíður upp á og styrkja þau þar sem börnin þurfa á því að halda. Veita þeim öruggt starfsumhverfi og jákvæða hvatningu. Við munum halda áfram að nýta þekkingu okkar í starfi deildarinnar.

Við munum hafa til hliðsjónar að skipta hópnum meira niður í minni hópa þannig að öll börnin fái jöfn tækifæri til að þroskast sem einstaklingar.

UMBÓTAÁÆTLUN DROPAEILDAR

Umbóta- þættir/ matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Skrá betur undir- búnings- tíma deildarinnar	Að við séum með betri yfirsýn yfir undirbúningsstíma starfsfólks og hvernig þeir eru nýttir og við hvaða aðstæður undirbúningur fellur niður	Útbúa skjal sem allir hafa aðgang að og geta skrifað tímuna í undirbúning og í hvað þeir voru nýttir	Deildarstjóri	Upphafi annar	Lok annar	Farið yfir skjalið lok hvers mánaðar á deildarfundum.	Að deildin fái betri yfirsýn yfir undirbúningsstíma sína og þeir nýttir betur og leikskólustjóri fá líka yfirsýn yfir undirbúningsstíma deildar.
Lubbi finnur málbein	Að bókin og vísurnar um Lubba séu notuð markvisst á deildinni	Höfum Lubba-stundir þar sem við lærum hljóð og táknið. Tengjum við stafi barnanna og aðra hluti í daglegu starfi.	Deildarstjóri til að byrja með en starfsmaður deildar tekur við og sér um Lubba-stundir	Ágúst	apríl	Farið verður yfir árangur á deildarfundum	Að börnin læri hljóðin og táknið til að auðvelda þeim hljóðamyndun

Upplýsinga- tækni og vísindi	Nýta betur og læra á það sem var keypt fyrir upplýsinga-tækni	Að hafa fjölbreytni í kennslu og vinnu-brögðum. Að börnin fái þjálfun og tækifæri til að vinna með tækin	Deildarstjóri	október	mars	Á deildarfundum	Börnin læra að nota ímyndunar-afl sitt í gegnum tæknina, læra hvernig hlutirnir virka og hvers vegna.
Nota loðtöflu og hafa sögur sjónrænni í lesstundum og í samverustundum	Að sögurnar sem eru lesnar fyrir börnin verði áhuga-verðari og skýrari fyrir börnin	Prenta út myndir og/eða nýta ónýtar bækur	Deildarstjóri	Eftir aðlögun	Lok skólaannar	Á deildarfundum	Að gera lesstundirnar meira spennandi og hvetja börnin í virkri hlustun sem lið í virkri hlustun og eykur málskilning,

INNRA MAT MÁNADEILDAR

Einkunnarorð Mánadeildar: Gleði, sköpun og vinátta.

Með einkunnarorðin í huga þá unnum við að okkar markmiðum sem eru að börnunum líði vel, séu örugg og þyki gaman í skólanum. Í vetur höfum við lagt áherslu á að læra í gegnum leik, sköpun og félagsfærni. Fórum í nokkrar gönguferðir í smáum hópum, lærðum á umhverfið og náttúruna. Sköpun hefur einnig verið stór þáttur hjá okkur í vetur og höfum við unnið mörg einstaklingsverkefni og hópaverkefni. Það sem okkur þótti skemmtilegast voru gönguferðirnar og leikvellirnir sem við heimsóttum. Við höfum lagt áherslu á félagsfærni með því að skapa aðstæður fyrir frjálsa leikinn – leyfum börnunum að læra í gegnum frjálsa leikinn og á sama tíma unnið með sjálfsmýnd, sjálfstraust og trú á eigin getu.

Starfið var skipulagt með aðalnámskrá leikskóla, menntastefnu borgarinnar, barnasáttmálann og fjölgreindarkenningu Gardners til hliðsjónar. Börnin þekkja gildi skólans og hafa lært heilmikið um tilfinningar sínar og annara. Glaðir, umhyggjusamir, virðingarfullir vinir hafa átt góðan vetur á Mánadeild.

UMBÓTAÁÆTLUN MÁNAEILDAR

Umbóta- þættir/ matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Að börnin kunni og iðki jákvæð samskipti, sému örugg og sjálfstæð	Að ræða og kenna jákvæð samskipti og hugtök eins og vinátta, hjálpsemi, kurteisi, þolinmæði og virðing notuð. Hvetjum börnin áfram til að gera sjálf. Hjálpum þeim að ná nýrri færni með því að nota greindirnar sem þau eru sterkust í. Að þau kynnist tilfinningum sínnum og læra að þau hafi rödd sem hlustað er á.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Haust 2023	Haust2024	Farið yfir skráningar og önnur gögn á deildarfund um, viðtöl við börnin,	Að börnin sému örugg og glöð, uni sér í leik, noti orðin sín og geti sjálf unnið úr samskipta- vandræðum sem koma upp, að þau sému stolt af sjálfum sér.
Nota TMT markvist.	Að starfsfólk temji sér að nota tákn með tali í starfi deildarinnar	Starfsfólk skoði TMT síðuna, notast verður við tákn vikunnar og notað í samveru- stundum.	Starfsfólk deildar.	Haust 2023	Haust 2024	Farið yfir orðabækur og árangur af notkun TMT á deildarfund ur yfir árið	Að kennurum og nemendum sé orðið tamt að nota TMT í öllu starfi og leik. Að þau börn sem eru fjöltyngd eða þurfa meiri málörvun eflist mælanlega í tjáningu með þessu.

Lesstundir.	Hafa tvískiptar lesstundir a.m.k. 1x daglega.	Skipta barna-hópnum upp. Metið með hverjum barnahóp miðað við aldur þolinmæði þeirra.	Starfsfólk deildar	Haust 2023	Haust 2024	Hafa fasta tíma daglega. Skipuleggja þessar stundir með viðeigandi efni fyrir hvern hóp.	Skapa rólegar stundir. Auka áhuga og virkja hlustun.
--------------------	---	---	--------------------	------------	------------	--	--

INNRA MAT STJÖRNUDEILDAR

Einkunnarorð Stjórnu deildar í vetur voru sjálfstæði – jákvæðni – vinátta.

Með einkunnarorðin í huga þá unnum við að okkar markmiðum sem eru að börnunum líði vel, séu örugg og þyki gaman í skólanum, að efla sjálfstæði og sjálfsöryggi barnanna og efla félagsfærni. Við skipulögðum starfið með aðalnámskrá leikskóla, menntastefnu borgarinnar, barnasáttmálann og fjölgreindakenningu Gardners til hliðsjónar. Börnin stjórnðu ferðinni í starfi, það var allt mótað að þeirra áhuga og þörfum og lýðræðisleg vinnubrögð kennd og stunduð. Þannig nýttum við styrkleika þeirra til að efla þau sem persónur, vini og nemendur. Allt nám á Stjórnu deild var byggt upp á leiknum og við kenndum mest og best í gegnum hann. Við stundum lýðræði í skólastarfi, hvöttum til gagnrýnnar hugsunar og skoðanaskipta. Nemendahópur þessa starfsárs þekkir gildi skólans vel og hefur þau í hávegum í sínu starfi, þau eru einstaklega góðir vinir, sýna virðingu fyrir sjálfum sér, öðru fólki og umhverfi sínu, eru umhyggjusöm og nálgast hvert verkefni og áskorun með gleði og bros á vör.

Sumar vikur gekk erfiðlega að koma starfsfólki deildar í undirbúning en við einbeittum okkur þá bara að því sem okkur fannst mikilvægast; málörvunarstundum hvers konar, tækni og vísindum, vettvangsferðum, sjálfsefningu og sjálfbærni.

Veturinn var skemmtilegur, starfið gekk vel, starfsfólkið samtaka og jákvætt. Vikulegar ævintýraferðir út fyrir skólalóðina og Lubbi voru án efa vinsælustu liðir í starfinu fyrir utan leikinn sem blómstraði fallega hjá þessum frábæra hóp.

UMBÓTAÁÆTLUN STJÖRNUDEILDAR

Umbóta-þættir/ matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skrá betur undir-búnings-tíma deildarinnar	Að við séum með betri yfirsýn yfir undir-búningstíma starfsfólks og hvernig þeir eru nýttir og við	Búum okkur til excel skjal á sameiginlegu svæði deildar og skrifum þar inn vikulega tíma í undir-búning,	Deildarstjóri	Ágúst 2023	Janúar 2024	Skoðum skjalið á fyrsta deildarfund mánaðarins, förum yfir og sjáum hvort við erum að ná	Að við sem deild nýtum undir-búnings-tímana betur. Að við sjáum hvað það er sem raskar

	hvaða aðstæður undirbúningur fellur niður	fundir og hvað var gert á þessum tímum.				okkar tímum.	undirbúning. Að skólustjóri geti séð hvernig undirbúningur er nýttur fyrir deildina/Skólann
Félagsfærni og sjálfsefning – Menntastefna	Að börnin kunni og iðki jákvæð samskipti, séu örugg og sjálfstæð	Að ræða og kenna jákvæð samskipti og hugtök eins og vinátta, hjálpssemi, kurteisi, þolinmæði og virðing notuð. Hvetjum börnin áfram til að gera allt sjálf. Hjálpum þeim að ná nýrri færni með því að nota greindirnar sem þau eru sterkust í. Að þau kynnist tilfinningum sínum, treysti á þær og verði óhrædd við að segja skoðanir sínar	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Ágúst 2023	Ágúst 2024	Farið yfir skráningar og önnur gögn á deildarfundum, viðtöl við börnin	Að vina sambönd styrkist, börnin séu örugg og glöð, uni sér í leik og geti sjálf unnið úr samskiptavandræðum sem koma upp, að þau séu stolt af sjálfum sér
Nota TMT markvisst í öllu starfi	Að starfsfólk læri og temji sér að nota Tákni með tali í starfi deildarinnar	Notum heimasíðu TMT til að gera orðabækur fyrir deildina. Lærum tákni og notum þau þegar við tölum við börnin, lesum og syngjum. Vonandi með námskeiði í	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Ágúst 2023	Ágúst 2024	Farið yfir orðabækur og árangur af notkun TMT á deildarfundum yfir árið	Að kennurum og nemendum sé orðið tamt að nota TMT samhliða í öllu starfi og leik. Að þau börn sem eru fjöltyngd eða þurfa meiri málörvun eflist mælanlega í

		skólanum eða sem starfsfólk getur sótt utan skóla í litlum hópum.					tjáningu með þessu.
--	--	---	--	--	--	--	---------------------

INNRA MAT SÓLSKINSDEILDAR

Umbótaþættir fyrir þetta skólaár voru: Að efla íslenskukunnáttu fjöltyngdra barna, að efla félagsfærni barnanna, jákvæð samskipti á deildinni, og að nota Lubba markvisst í starfi deildarinnar.

Um helmingur barnanna voru fjöltyngd og mislangt komin í íslenskunni, en vel gekk að hafa starfið hæfilega krefjandi fyrir alla og því til viðbótar hjálpaði verkefnastjóri fjöltyngdra barna/fjölmenningar okkur að leggja inn íslenskuna þar sem þurfti.

Félagsfærnin er stór þáttur í öllu starfinu á Sólskinsdeild enda eru börnin allan daginn að æfa sig í samskiptum, samvinnu í leik og starfi, leysa úr ágreiningi, skiptast á skoðunum, að sýna virðingu, hjálpssemi, umburðarlyndi, umhyggju og að setja sig í spor annarra. Í gegnum samskipti við aðra þroska börnin eigin sjálfsmýnd og sjálfstraust. Við viljum að þau að kynnast tilfinningum sínum, treysti á þær og verði óhrædd við að segja skoðanir sínar.

Lubbastundir voru fastir liðir og hjálpaði Lubbi okkur að leggja inn hljóð/staf vikunnar, auk þess að leggja inn tákni með tali fyrir orð vikunnar.

Leikurinn var allsráðandi, enda helsta námsleið barnsins og fléttuðum við sköpun, vísindum, hreyfingu/dansi, menningu, tónlist, heimspeki, tæknivísindum og vettvangsferðum inn í starfið. Tæknivísindi og dans var skemmtileg viðbót við starfið og vakti hrifningu meðal barnanna.

Deildarfundir gengu vel og féllu sjaldan niður, þeir voru aðra hverja viku á móti næstu deild. Með góðu skipulagi var passað upp á að allt starfsfólk fengi sinn undirbúningstíma og stytting vinnuvikunnar gekk vel.

Einn starfsmaður deildarinnar tók að sér að gera innra mat með börnum deildarinnar, svokallað Demantamat. Börnunum var boðið inn í Hreiður í litlum hópum. Starfsmaður bauð 3-4 börnum í einu og ræddi við þau um starfið.

Öll börnin höfðu eitthvað til málanna að leggja, mismikið að sjálfsögðu. Það var gaman að heyra þeirra sýn af vinnunni í Grænuborg og á Sólskinsdeild. Börnin fengu myndir af ýmsum svæðum skólans og ræddu tilgang þeirra, kosti og galla. Voru börnin svo spurð spurninga um starfið í skólanum og svör þeirra skráð niður.

Heilt yfir kemur innra mat deildarinnar vel út. Börnin voru jákvæð og glöð við verkefnavinnuna. Óhætt er að segja að starfsfólk hafi glaðst yfir góðri sýn barnanna á skólasterfið. Haldið verður áfram á sömu braut og reynt að bæta og styðjast við það sem börnin bentu á að mætti vera öðruvísi og koma á mótis við óskir þeirra um viðbót við starfið.

Þegar litið er yfir veturinn og barnahópin má segja að starfið hafi gengið mjög vel. Samstarf kennara deildarinnar gekk mjög vel og öll unnum við saman að markmiðum okkar. Næsta vetur höldum við áfram að vinna með félagsfærni og sjálfsefningu barnanna. Við munum nýta okkar reynslu og þekkingu og bæta við hana. Við ætlum að efla okkur í að nota tákni með tali og nota tákni þegar við tölum við börnin, í leik, við matarborðið, í les- og söngstundum. Börn og starfsfólk fái sitt tákni. Einnig stefnum við að því að efla íslenskukunnáttu fjöltyngdu barnanna okkar og passa upp á félagslega þáttinn, því þessi börn geta einangrast vegna tungumálsins.

UMBÓTAÁÆTLUN SÓLSKINSDEILDAR

Umbóta- þættir/ matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að efla íslensku-kunnáttu fjöltyngdra barna.	Að efla íslensku-kunnáttu fjöltyngdra barna og einnig að passa upp á félagslega þáttinn, því þessi börn geta einangrast vegna tungumálsins.	Allt starfsfólk deildar sé meðvitað um það að setja orð á alla hluti, notumst við myndrænt dagskiplag, sögur sagðar, mikið sungið og farið með kvæði og ljóð og einnig er mikilvægt að nota opnar spurningar í samtölum við börnin. Allir gera eins vel og þeir geta í þessum efnum. Auk ofan talinna atriða má nefna Lubba, ritmál, stafur /hljóð vikunnar, notast við rím og klapp o.m.fl. Notum „Gefðu 10!“. Höfum skráningu sýnilega og erum dugleg	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar og allt starfsfólk þarf svo að fylla út sínar mínútur í Gefðu 10.	Haust 2023	Haust 2024	Förum yfir hvernig gangi á deildarfundum yfir árið og hvar við gerum vel, hvar getum við gert betur.	Að börnin noti setningar með sífellt fleiri orðum og tjái sig vel á íslensku.

		að minna hvert annað á.					
Að efla notkun á tákni með tali með öllum börnum deildarinnar.	Að starfsfólk læri og temji sér að nota tákni með tali í öllu starfi deildarinnar	Notum heimasíðu TMT. Orð/tákni með tali vikunnar. Lærum tákni og notum þau þegar við tölum við börnin, í leik, við matarborðið, í les- og söngstundum. Börn og starfsfólk fá sitt tákni.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.	Haust 2023	Haust 2024	Farið yfir notkun TMT á deildarfundum yfir árið og hvar við gerum vel, hvar getum við gert betur.	Að starfsfólki og börnum sé orðið samt að nota TMT samhliða íslenskunni í leik og starfi.
Félagsfærni og sjálfsefning	Að efla félagsfærni barnanna og jákvæð samskipti á deildinni.	Að ræða og kenna jákvæð samskipti og hugtök eins og vinátta, hjálpsami, kurteisi, þolinmæði og virðing notuð. Hvetjum börnin til að gera allt sjálf og nýta styrkleika sína.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar	Haust 2023	Haust 2024	Förum yfir markmið og leiðir deildarinnar á deildarfundum yfir árið.	Að börnum líði vel og njóti sín sem skapandi einstaklingar í öruggu umhverfi. Börn öðlist trú á eigin getu, þor og seiglu og þar af leiðandi sterkari sjálfsmýnd. Að börnin verði virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi.

INNRA MAT SÉRKENNSLU

MAT Á SÉRKENNSLU Á LÍÐANDI SKÓLAÁRI

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, til dæmis í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl.</p>	<p>Þau börn sem fengu sérkennslu í skólanum voru öll með sína eigin einstaklingsáætlun sem var endurskoðuð á 6-12 vikna fresti með tilliti til framfara einstaklingsins, álit foreldra og annarra sérfræðinga sem koma að máli barnsins.</p> <p>Hver stuðningsaðili sinnti skráningu í tengslum við sitt stuðningsbarn með viðeigandi listum frá t.d. RGR, Behavioral Intervention for Young Children with Autism, AEPS o.m.fl.. Allt fer það eftir því hvað er verið að vinna með hvernig skráning fer fram.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Þau gögn sem við nýttum okkur við mat voru AEPS, ABLES listinn, HLjóm2, EF12, Behavioral Intervention for Young Children with Autism, TRAS, Hæfniramma fyrir börn í íslensku fyrir fjölyngd börn í leikskóla og Íslenski máhljóðamælirinn, þjargir úr snemmtækri íhlutun í málörvun tveggja ára til þriggja ára barna og Orðaskil.</p>

<p>Hvaða námsefni var notað? Vorur til dæmis notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Ýmis námsgögn voru notuð bæði keypt og heimatilbúin. Ljáðu mér eyra, Tölum saman, málörvunarverkefni fyrir börn með málþroskafrávik og tvítyngd börn, The processing program, Spjallað og leikið, SÓL fyrir eldri og yngri, Lubbi, leikum og lærum, orðagull og margt, margt fleira.</p>
---	---

UMBÓTAÁÆTLUN SÉRKENNSLU FYRIR KOMANDI SKÓLAÁR

Umbóta- þættir/ matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun sér- kennara- fundir	Bætt tímastjórn, hnitmiðaðri og lausna- miðaðir fundir	Hver og einn kemur vel undirbúinn á fundinn með sigra, áskoranir og eflingu í tengslum við sitt barn. Segir frá því sem vel gengur og leitar aðstoðar hjá hópnum með áskoranir ásamt því að fá ráð með næstu skref ef þurfa þykir. Reyna að hafa fundi eins hnitmiðaða og markvissa og hægt er.	Sérkennarar og sérkennslu- stjóri.	Haust 2023	Vor 2024	Með fundar- gerðum og samræðum 2x á vetri í desember 2023 og júní 2024	Hnit- miðaðri fundir og góða tíma- stjórn. Fundir fara ekki fram úr tíma- áætlun. Góð lausna- miðun. fyrir alla á fundum.
Farsældar- lög	Innleiðing farsældar	Virkja ákveðin ferli innan skólans ásamt því að taka í notkun ný eyðublöð og virkja bjargir og verkfæri til að styrkja bæði verkferla og utanumhald í tengslum við snemmtæka íhlutun.	Sérkennslu- stjóri	Haust 2023	Vor 2027	Með umræðum og Matslitum	Ferlar séu komnir í gagníð og allir viðkomandi aðilar sé farnir að nýta sér bæði bjargir og verkfærni til þess að þjónusta betur börnin í borginni.

INNRA MAT – FJÖLTYNGD BÖRN

MAT Á MÁLÖRVUN OG VIRKRI ÞÁTTTÖKU FJÖLTYNGDRA BARNA FRÁ LÍÐANDI SKÓLAÁRI

<p>Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</p>	<p>Ráðinn var verkefnastjóri í skólann til að halda utan um alla vinnu sem tengist fjöltyngdum börnum. Vetur 2022 - 2023 voru 34 fjöltyngd börn í skólanum, um það bil 44% prósent barna í skólanum. Þrjú af þeim voru með stuðningsmanneskju sem fylgdi þeim eftir yfir daginn. Fjögur voru í þjálfun hjá sérkennslufulltrúa, 12 börn í þjálfun hjá verkefnastjóra (tvö af þeim voru líka í þjálfun hjá sérkennslufulltrúa) auk þess sem verkefnastjóri tók 13 börn í hæfniramma og TRAS. Fjögur börn voru undir þriggja ára aldri og voru því í málörvun inn á deild.</p>
<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p>	<p>Börn sem koma í leikskólann án þess að vera með grunn íslensku: Daglega er farið yfir fyrstu orðin í orðabókinni ásamt táknum fyrir orðið. Spilað er minnisþing, slöngusþing og lottó á meðan er verið að kenna þeim fyrstu orðin í íslensku og hjálpa þeim að bjarga sér fyrstu dagana og vikurnar í skólanum. Unnið er með Gefðu 10, auk þess eru notaðar myndir sem eru lýsandi fyrir það sem er að gerast og það sem er að fara að gerast. Leikið er með hluti t.d. dýr búshöld og fleira til að festa orðin í huga þeirra. Endurtekingar og að setja orðin í samhengi við það sem er að gerast í daglegu starfi eru notaðar. Spil sem gefa þeim tækifæri til að nota orð og búa til setningar. Þegar þau hafa náð ákveðni færni (hæfniramma 1) fara þau tvisvar til þrisvar í viku til verkefnastjóra í þjálfun. Bæði eins síns lið og með öðrum. Þau sem hafa náð hæfniramma 1 fara beint í þjálfun tvisvar til þrisvar í viku. Börn yngri en þriggja ára eru í þjálfun inn á deild og fara þar í gegnum sömu málörvun og önnur börn á þeirra aldri verkefnastjóri styður deildina í þeirri vinnu og / eða er inni á deildum og sinnir málörvuninni þar</p>
<p>Er markviss verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?</p>	<p>Í tíma hjá verkefnastjóra fjölmenningar er mikið spilað og spjallað um leið. Tákn með tali er kennt. Notast er við sögur og ævintýri til að leggja áherslu á orðin, við búum til spil og sögur sem við nýtum okkur til æfingar. Farið er yfir orðabókina þar sem meðal annars er dagskipulagið í myndum og orð til að nota í daglegu starfi. Í fyrstu er aðeins verið að kenna þeim orð og það tákn sem á við orðið. Þegar lengra er komið eru það setningar og lögð áhersla á að þau fái tækifæri til að tjá sig. Les- og samverustundir deilda eru nýttar til að dýpka orðaforða barnanna.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Við notum hæfniramma á íslensku fyrir fjöltyngd börn til sjá hvar þau standa. Við skráum TRAS og EFI miðað við aldur. Gerðar eru einstaklingsnámskrá fyrir þau börn sem þurfa meiri æfingu og eru þær til 8 vikna í einu og þá endurmetnar.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Lögð er áhersla á að börnin læri bæði að skilja málið og geti talað það. Spil, sögur, verkefni sem ýta undir málskilninginn og tjáninguna, hlustun og frásögn. Við æfum okkur í að ríma, klappa atkvæði og tengja saman orð og búa til setningar. Oft eru börnin tvö í einu í þjálfun þannig að hægt sé að ýta undir félagsþroska þeirra. Þegar lengra er komið nýtum við okkur áhugamál þeirra til að ná betur til þeirra með málið.</p>

UMBÓTAÁÆTLUN –FJÖLTYNGI FYRIR KOMANDI SKÓLAÁR

Umbóta- þættir/ matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/að- ferðir?	Viðmið um árangur
Efla félags- þroski	Styrkja félags- þroska tengja þau við börn sem hafa góð tök á íslensku, hjálpa þeim að fylgja eftir því sem er að gerast inn á deild	Fylgja betur eftir börnunum inn á deild, að þau ná í félagi til að leika við og geti bjargað sér ef kennari er ekki til að aðstoða. Passa að börnin nái að tjá sig í öllum aðstæðum. Nota opnar spurningar og gefa þeirra heimamáli svigrúm í starfinu. Gera orðabanka yfir þau orð sem er verið að nota í starfinu sem geta fylgt þeim yfir til verkefna- stjóra þannig að hún geti verið með æfingar sem tengjast starfinu inná deild.	Verkefna- stjóri og tengiliður frá deildinni við fjölmenningar teymið.	Haust 2023	Vor 2024	Eyðublað um félags þroska, TRAS, EFI, Hæfni-rammi	Að barnið ná valdi á íslensku og félagsþroskinn sé sá sami og hjá börnum á sama aldri

STARFSÞRÓUNARSAMTÖL OG FRÆÐSLA

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári, þau voru í maí 2023, á þessu skólaári.

Starfsfólk skólans sótti ýmsa fræðslu á skólaárinu, þar má helst nefna:

Hvaða námskeið og haldið af hverjum

Hverjir sóttu

B.ed. nám við Háskóla Íslands

Einn starfsmaður

<i>Birting kynferðisofbeldis gegn börnum á leikskólaaldri, örnámskeið, haldið af Barnavernd</i>	<i>Allt starfsfólk leikskólans</i>
<i>Fjölmenningarlegt leikskólastarf, vinnustofa, miðja máls og læsir / Skóla- og frístundasvið sáú um</i>	<i>Verkefnastjóri fjölmenningar og einn starfsmaður leikskólans</i>
<i>Forysta um nám og styðjandi menning, Skipulagt af Menntafléttunni (HÍ, HA og KÍ)</i>	<i>Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri</i>
<i>Fræðsla um heyrnarskerðingu, starfsmaður leikskólans Sólborgar sá um</i>	<i>Allt starfsfólk Dropadeildar</i>
<i>Fyrirlestur um einhverfar stúlkur, Laufey Gunnarsdóttir, skipulagt af Vesturmiðstöð</i>	<i>Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og einn sérkennari</i>
<i>Innra mat. Hvernig gengur? Skipulagt af menntavísindasvið HÍ</i>	<i>Aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri</i>
<i>Lærdómsamfélag sérkennslustjóra, Skóla- og frístundasvið stýrði því</i>	<i>Sérkennslustjóri</i>
<i>Lærdómssamfélag fjölmennigarkennara, Skóla- og frístundasvið stýrði því</i>	<i>Verkefnastjóri fjölmenningar</i>
<i>Málörvun með söng og sögum, skipulagt af Menntafléttunni (HÍ, HA og KÍ)</i>	<i>Einn deildarstjóri</i>
<i>Menntastefna – BBB-farsældin, vinnusmiðjur sem Skóla- og frístundasvið sá um</i>	<i>Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og verkefnastjóri fjölmenningar</i>
<i>Móðurmál, íslenska sem annað tungumal, virkt tvítyngi í leikskólum, skipulagt af Menntafléttunni (HÍ, HA og KÍ)</i>	<i>Verkefnastjóri fjölmenningar</i>
<i>Námskeið og kynning á Mixtúru</i>	<i>Verkefnastjóri fjölmenningar</i>
<i>Pecsnámskeið, haldið af Greiningarstöð ríkisins</i>	<i>Einn sérkennari</i>
<i>Ráðstefna um upplýsingatækni og snjall kennslu, haldin í Reggio á Ítalíu</i>	<i>Einn starfsmaður leikskólans</i>
<i>Skyndihjálpi, haldið af Vinnuvernd</i>	<i>Allt starfsfólk leikskólans</i>
<i>Velkomin í hverfið verkefnið, verkefnastjórar frá vesturmiðstöð kynntu</i>	<i>Allt starfsfólk leikskólans</i>
<i>Ýmsar styttri kynningar frá ýmsum aðilum innan og utan leikskólans</i>	<i>Allt starfsfólk leikskólans</i>
<i>Ýmsir fyrirlestrar á Menntkvíku, HÍ</i>	<i>Ýmsir starfsmenn leikskólans</i>
<i>Öll börn eiga jafnan rétt til náms, ráðstefna, Áshildur Bjarnadóttir skipulagði</i>	<i>Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri</i>

Ekki hefur verið tekin endanlega ákvörðun að svo stöddu um allt fræðsluefni fyrir komandi skólaár. En við höfum hug á ýmiskonar fræðslu fyrir allt starfsfólk leikskólans, má þar meðal annars nefna námskeið í Tákni með tali.

SAMSTARF LEIKSKÓLA, GRUNNSKÓLA OG FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVA

Grænaborg mun vonandi halda áfram að eiga samstarf við Austurbæjarskóla, Draumalandi og leikskólann Miðborg veturinn 2023 – 2024, með ýmiskonar heimsóknum á milli staða, með mismunandi þemum í hvert skipti til að styrkja tengslin á milli þessara starfsstaða. Á líðandi skólaári voru skipulagðar 6 heimsóknir, frá september fram í maí. Í þessu samstarfi taka elstu börn leikskólanna þátt og yngstu börn grunnskólans. En ekki hefur ennþá verið tekin ákvörðun um fyrirkomulagið, það mun vonandi vera gert í lok ágúst 2023

Grænaborg skilar til grunnskólans upplýsingum um börn sem fara á milli skólastiga.

FORELDRASAMVINNA

Foreldrasamvinna í Grænuborg er okkur mjög mikilvæg og viljum við vera í miklu og nánu samstarfi við forráðamenn barnanna. Hún fer að mestu leiti fram þegar komið er með og barn sótt í skólann, en auk þess í gegnum tölvupósta, Völuna og síma. Foreldrar eru boðaðir í að minnsta kosti tvö formleg foreldraviðtöl á skólaárinu. Eitt að hausti, þar sem fer fram almenn umræða um barnið, líðan þess og þroska og farið yfir upplýsingar um barnið. Annað að vori þar sem farið er yfir hvernig barninu gengur í leik og starfi í skólanum. Það eru deildarstjórar hvernar deildar sem sjá um þessi viðtöl. Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi á komandi skólaári. Þessi tvö formlegu viðtöl fóru að öllu leiti fram eins og til stóð á skólaárinu 2022 – 2023, þar sem farið var yfir ákveðna punkta varðandi það hvernig námið í leikskólanum gengur hjá barninu, sett inn í sérstakt form þar sem foreldrar hafa tækifæri til að bæta við upplýsingum um barnið, og allir kvitta á að lokum og foreldrar fá eintak með sér heim.

Á haustin eru skipulagðir foreldrafundir þar sem farið er yfir áherslur deilda og vetrarstarfið kynnt. Þessir fundir hafa verið í kringum miðjan september.

Við skólann er starfandi foreldraráð, samkvæmt lögum, auk þess er starfandi foreldrafélag. Stjórn foreldrafélagsins innheimtir kr. 6000 á ári í gjöld. Hefð er fyrir því að stjórn foreldrafélagsins fundi um það bil einu sinni í mánuði yfir skólaárið og er haldinn aðalfundur að hausti. Ekki náðist að koma á þeim takti í starfið þetta skólaárið og afar dræm mæting var á aðalfundinn sem haldinn var á haustönninni. Í stjórninni er formaður, gjaldkeri og ritari auk um það bil 5 aðrir stjórnarmenn. Hefð er fyrir því að stjórnin skipuleggi ýmsa viðburði til hliðar við skólastarfið, þar sem öll börn og foreldrar hafa tækifæri til að hittast og eiga notalega stund saman. Gera má ráð fyrir því að hefðir í sambandi við störf

foreldrafélagsins hafi raskast á tímum Covid, en unnið verður að því á næsta skólaári að endurvelja og betrubæta þær hefðir.

Foreldraráðið er skipað að minnsta kosti þremur fulltrúum foreldra auk leikskólastjóra. Það fundar eftir þörfum og kemur að starfi skólans t.d. varðandi sumarlokanir og yfirlestur á námskrá og starfsáætlun.

SKIPULAGSDAGAR OG LEIKSKÓLADAGATAL

Eftirtalda daga er lokað í Græuborg vegna samstarfs- og skipulagsdaga starfsfólks, gert er ráð fyrir sex heilum skipulagsdögum á ári, í sumum tilfellum er heilum degi skipt niður í tvo hálfra daga. **Birt með fyrirvara um breytingar:**

- 22. ágúst 2023, þriðjudagur, heill dagur
- 29. september 2023, föstudagur, heill dagur, sameiginlegur starfsdagur
- 24. nóvember 2023, föstudagur hálfur dagur eftir hádegi
- 2. febrúar 2024, föstudagur, heill dagur
- 2. apríl 2024, þriðjudagur, heill dagur, sameiginlegur starfsdagur
- 17. maí 2024, föstudagur, heill dagur, sameiginlegur starfsdagur
- 10. júlí 2024, þriðjudagur, hálfur dagur eftir hádegi

FYLGIGÖGN

[FYLGISKJAL - SKÓLADAGATAL](#)

[FYLGISKJAL - UMSÖGN FORELDRARÁÐS](#)

júní 2023
fyrir hönd Græuborgar
Gerður Sif Hauksdóttir
Leikskólastjóri

Fylgiskjal 3

**Starfsáætlun 2023 – 2024
Grænaborg**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

**Anna Helga Jónsdóttir
Elsa Rún Gísladóttir,
Sölvi Karlsson og
Þorbjörg Ágústsdóttir.**

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Við undirrituð í foreldraráði Græ nuborgar höfum farið yfir Starfsáætlun Græ nuborgar 2023 – 2024 og sjáum ekkert því til fyrirstöðu að hún verði samþykkt í núverandi mynd.

Það gladdi okkur mjög að lesa greinargerð leikskólastjóra þar sem metnaðarfullu starfi á nær Covid-lausu skólaári er lýst. Í greinagerðinni segir leikskólastjóri einnig frá því að fjöltyngdum börnum hafi fjölgað mikið á undanförunum árum í skólanum og lýsir foreldraráðið yfir ánægju sinni með að ráðin hafi verið verkefnastjóri til að meta þarfir barnanna við íslenskukennslu, til að halda utan um hópinn og huga að þörfum þeirra. Foreldraráðið vill að auki lýsa yfir ánægju sinni að nemendur á Sólskinsdeild, elstu börnin á Græ nuborg, hafa tekið þátt í að meta starfið þar. Að okkar mati er þetta til eftirbreytni og gaman væri ef það yrði líka gert á öðrum deildum í framtíðinni. Einnig þykir okkur áherslan á frjálsa leikinn, vináttuna og gleðina í starfinu mikilvæg sem og starfsánægja starfsfólks.

Anna Helga Jónsdóttir,
Elsa Rún Gísladóttir,
Sölvi Karlsson og
Þorbjörg Ágústsdóttir.

Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: Grænaborg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 M Annar í Páskum	1 M Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F Skipulagsdagur	2 L	2 Þ Skipulagsdagur Alþjóðlegur dag. einhverfu	2 F	2 S Sjómannadagurinn	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ Hautkynning deildar Dropadeild	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M Piparkökukaffi á Sólakinsdeild	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ Piparkökukaffi á Sjömudeild	5 F Kveðjum jólin	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M Piparkökukaffi á Mánadeild	6 L Þrettándinn	6 Þ Dagur leikskólans	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M Frídagur verstunarmanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F Piparkökukaffi á Dropadeild	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F Dagur læsis	8 S	8 M Baráttudagur gegn einelti	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F Uppstigningardagur	9 S	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M Skipulagsdagur 1/2 e.h.
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S Dagur íslenska táknmálsins	11 M Foreldravótöl hefjast	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M Bolludagur	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ Sprengidagur	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M Óskudagur	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F Jólabbal	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L Dagur íslenskrar náttúru	16 M Dagur málþroskaröskunar	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ Foreldravótöl hefjast	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F Skipulagsdagur	17 M Lyðveldisdagurinn	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ Hautkynning deildar Sólakinsdeild	19 F	19 S	19 Þ	19 F Þorrablót	19 M	19 Þ	19 F	19 S Hvítasunnudagur	19 M	19 F
20 S	20 M Hautkynning deildar Sjömudeild	20 F	20 M Dagur mannréttinda barna	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M Annar í Hvítasunnu	20 F	20 L
21 M	21 F Hautkynning deildar Mánadeild	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F Alþjóðlegur dagur heilkennis Downs	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ Skipulagsdagur	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L Þorláksmessa	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 F Skipulagsdagur 1/2 e.h.	24 S Aðfangadagur jóla	24 M	24 L	24 S Pálmasunnudagur	24 M	24 F Sveitiferó f.h.	24 M	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M Jóladagur	25 F	25 S	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ Evrópski tungumáladagurinn	26 F	26 S	26 Þ Annar í jólum	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	28 L Fyrsti vetrardagur	28 Þ	28 F	28 S	28 M Dagur einstakra barna	28 F Skírdagur	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ	29 F Skipulagsdagur	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F Fostudagurinn langi	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ		30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F		31 Þ		31 S Gamlársdagur	31 M		31 S Páskadagur		31 F		31 M

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka